

Öryggisblað

01. Vörunafn:

Túrbó Sámur 2296

Framleiðandi:

Sámur sápugetð ehf.
Lyngás 20
ÍS-210 Garðabær,
Sími: 517-9303
e-mail binni@samur.is

02. Innihaldsupplýsingar:

Túrbó Sámur 2296 inniheldur eftirfarandi efni, sem falla undir reglugerð 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð hættulegra efna og vörutegundir, sem innihalda slík efni.

<u>Efni:</u>	<u>Varnaðarmerki</u>	<u>H setn.</u>	<u>V. setn.</u>
Terpentína (mínerölsk) Díprópýlenglýkólmónómetyl- etri < 10%	Xn (varúð hættulegt) ekkert	10-20/21/22 engin	2 engin

Túrbó Sámur 2296 flokkast Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og því samkvæmt reglugerð sem: við inntöku. Geymist þar sem börn ná ekki til.

03. Heilsuhætta vegna notkunar.

Innöndun: Getur valdið höfuðverk, svima, þreytu og vanlíðan. Mikið magn getur valdið minnistrufnunum, meðvitundarleysi og andþrengslum. Langvarandi og síendurtekin innöndun getur leitt til varanlegra taugaskemmda.

Inntaka: Getur valdið vanlíðan, uppköstum, niðurgangi og andþrengslum. Lungna bólga getur blossað upp eftir nokkra klukkutíma eða sólarhringa ef terpentínan hefur sogast niður í öndunarfarin við uppsölur eða inntöku.

Húð: Endurtekin eða langvarandi snerting við húð veldur affitun húðar og Gerir hana þurra og hrjúfa og getur valdið exemi.

Augu: Slettur í augu valda miklum sviða ber að skola strax úr.

04. Skyndihjálp.

Almennt: Skola af með vatni. Farið úr fatnaði, sem hefur blotnað af efninu.

Innöndun: Ferskt loft og hvíld. Öndunarhjálp ef með þarf.

Inntaka: Gefið nokkur glös af mjólk. Framkallið ekki uppköst. Leitið læknis.

Augu: Slettur í augu ber að skola strax með miklu vatni. Leitið læknis ef óþægindi haldast.

05. Aðgerðir við bruna.

Almennt: Við bruna er hægt að nota duft, froðu eða kolsýru.

Forvarnir: Ílát nálægt eldi skulu fjarlægð eða kæld með vatni.

Öryggisblað

06. Varnaraðgerðir við leka.

Persónur: Gæta þess að efnið komist ekki í snertingu við opinn eld og loftræsta vel. Fara úr fatnaði, sem hefur blotnað af efninu vegna íkveikjuhættu.

Umhverfi: Við mikinn leka ber að binda efnið með sandi, sagi eða kísilgúr til að hindra að það berist út í umhverfið. Setja í lokað ílát og merkja með innihaldi. Senda síðan til förgunar skv. §43 í mengunarvarnarreglugerð 48/1994.
Við lítinn leka er best að skola efninu í niðurfall með miklu vatni.

07. Meðhöndlun.

Almennt: Umbúðir skulu vera vel luktar og ekki koma nálægt opnum eldi eða hitagjöfum.

Geymsla: Geymist þar sem börn ná ekki til, ekki nálægt mat- eða fóðurvöru og ekki nálægt opnum eldi eða hitagjöfum.

08. Persónuvarnir/mengun.

Almennt: Gæta þess að hafa góða loftræstingu við notkun á efninu. Þörf getur verið á vélrænni loftræstingu eða staðbundnu sögi. Gufa getur safnast niður við gólf eða í lægðir. Notið hlífðarhanska og augngrímur þar sem hætta er á beinni snertingu eða slettum. Þurft getur andlitsgrímu með síum eða ferskloftsgrímu.

09. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Útlit: Tær blár vökvi.
Lykt: Einkennandi.
Sýrustig: Óþynnt pH 12 en pH 10 í 1% lausn.
Suðumark: u.þ.b. 100°C.
Bræðslumark: < -4°C.
Blossamark: Ekki þekkt.
Eðlisþyngd 0,970 - 0,990 kg/ltr.
Leysanleiki: Myndar þeytu með vatni.
Þykkt: U.þ.b. 50 mPa s.

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

Almennt: Ekki þekkt

11. Eiturefnaupplýsingar.

Almennt: Engar þekktar.

12. Umhverfisupplýsingar.

Túrbó Sámur 2296 inniheldur efni, sem mynda þeytu í vatni. Við niðurbrot á Túrbó Sámur 2296 myndast efni, sem eru eitruð fyrir sjávarlífverur. Hættumörk fyrir sjávarlífverur eru 5 ppm (magn yfirfært og umreiknað frá hráefnum).

13. Sorplosun.

Tómar umbúðir, sem ekki er greitt skilagjald fyrir, skal farga skv. §43 í mengunarvarnarreglugerð 48/1994. Gallaða vöru skal senda aftur til framleiðanda.

14. Flutningur.

Á landi: ADR: Ekki flokkað.
Á sjó: IMDG-kóði: Ekkert.

15. Upplýsingar um lög og reglugerðir.

Lög nr.: 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Reglugerðir nr.: 498/1996 um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum. 496/1996 um efnanotkun á vinnustöðum. 521/1994 um þvotta- og hreingerningaefni. 48/1994 um mengunarvarnir. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni:

Varnaðarmerki: *Ekkert.*

Hættu- og varnaðarsetningar: *Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Geymist þar sem börn ná ekki til.*

16. Dags./útgáfa: 13.02.2003